

Draugaleg virkni úr fjarlægð

// Spooky action at a distance

Verk fyrir 2 nána flytjendur og Skype

Skammtaflækja er djúp tenging milli skammtaefna sem hafa sömu tilveru en gætu verið ólíkt staðsettar í alheiminum. Mæling á stöðu er alltaf eins hjá báðum, óháð fjarlægð.

Getið þið sent hugmyndir á milli hraðar en tölvan? Getið þið hlustað á hvor aðra á ljóshraða? Getið þið sameinast á metafýsískum fleti? Eruð þið í skammtaflækju?

Uppsetning:

Í báðum rýmum:

1x hljóðnemi

1x hljóðkerfi

1x stóll

1x tölva m. Skype

Í rýmum þar sem eru áhorfendur:

1x skjávarpi

Flytjendur skulu vera í sitt hvoru landinu. Verkið má flytja samtímis í tveimur löndum eða bara í öðru. Skjávarpi er tengdur tölvu með Skype. Bein útsending af flytjanda er vörpuð á vegg svo fjar-flytjandinn virðist sitja við hlið nær-flytjanda.

Báðir flytjendur hafa hljóðnema nálægt hljóðfærinu og hátalara sem eru nógu öflugir, eða nógu nálægt hljóðnemanum svo það sem heyrst í hátölurunum verði numið af honum.

Flutningur:

1. Hringja.

Sá flytjandi sem er fjarverandi tónleikarýmið hringir. Ef verkið er flutt samtímis í tveimur rýmum hringir eldri flytjandinn

2. Hlusta

Hlustið á tölvuna og á endurómið (feedback).

3. Spila

Spilið með því sem þið heyrið. Hugið að innsæi, trausti, hlustun og samvinnu.

4. Tengjast

Spilið ofan í hvora aðra. Treystið hvor annari. Hlustið á hvor aðra með þriðja eyranu.

5. Hætta

Pegar þið rjúfið fjarskiptamúrinn megið þið huga að endanum.